

Skipulagsskrá **fyrir „Minningarsjóð Páls Melsted stúdents“.**

Stofnfje sjóðsins er 40.000 krónur.

Háskólaráðið í Reykjavík stjórnar sjóðnum og ávaxtar hann á tryggilegan hátt.

Af ársvöxtum sjóðsins má fyrst um sinn veita 1.000 – eitt þúsund – krónur á ári, einum kandidat frá Háskóla Íslands, til frekara náms í útlöndum, enda hafi hann eigi efni á því sjálfur. Styrkinn má veita sama manni alt að 4 – fjórum – árum í senn.

Þegar sjóðurinn er orðinn 60.000 – sextíu þúsund – krónur, má árlega veita af vöxtunum 2.000 – tvö þúsund – krónur. Þegar sjóðurinn er orðinn 100.000 – eitt hundrað þúsund – krónur, má árlega verja 5/6 hlutum árvaxtanna til styrkveitinga, og má þá styrkja fleiri en einn í einu, þó þannig, að engum sje veittur minni styrkur en 1.500 krónur.

Það skal gert að skilyrði fyrir styrk, að styrkþegar starfi hjer á landi við þau vísindi, er þeir hafa fullkomnað sig í, fyrir aðstoð styrksins, að minsta kosti jafnlangan tíma og þeir hafa notið styrksins. Á sama tíma ber þeim að halda nokkrum sinnum opinberlega ókeypis fyrirlestra um vísindaleg efni, á þann hátt, að alþýða manna megi gagn að verða, eða gefa út alþýðlegar fræðibækur.

Reikninga sjóðsins skal árlega birta í Lögbirtingablaðinu. Nánari reglugjörð fyrir sjóðinn semur háskólaráðið, en stjórnarráðið samþykkir.